



▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

Janúar 2026

▼ **Denosumab (Junod) og áhætta á beindrepi í kjálka: Öryggiskort fyrir sjúklinga til að lágmarka áhættu á beindrepi í kjálka.**

Kæri heilbrigðisstarfsmaður,

Gedeon Richter vill, samkvæmt samkomulagi við Lyfjastofnun Evrópu (EMA) og Lyfjastofnun, upplýsa þig um öryggiskort fyrir sjúklinga til að lágmarka áhættuna á beindrepi í kjálka meðan á meðferð með Junod stendur. Sjúklingakortinu skal dreift til að uppfylla kröfur Lyfjastofnunar Evrópu, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins, með sérstaka áherslu á **áhættu á beindrepi í kjálka**.

Mikilvægar upplýsingar

- Sjúklingakortið inniheldur mikilvægar upplýsingar til sjúklinga um einkenni, áhættuþætti og hvenær skuli leita til læknis.
- Afhenda skal sjúklingum sem fá meðferð með Junod þetta kort.
- Sjúklingakortið verður aðgengilegt á www.serlyfjaskra.is og á www.junod.com, á ytri umbúðum lyfsins og í fylgiseðli er QR kóði með tengli á síðuna.
- Hægt er að panta fleiri eintök af sjúklingakortinu hjá umboðsaðila Gedeon Richter á Íslandi, Vistor ehf., sími 535 7000.

Við hvetjum þig til að kynna þér innihald sjúklingakortsins og tryggja að það sé afhent sjúklingum.

Tilkynning aukaverkana

Heilbrigðisstarfsmenn eru minntir á skyldur sínar til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Hægt er að tilkynna til Lyfjastofnunar: <http://www.lyfjastofnun.is> eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.

Viðtakendur þessara öryggisupplýsinga eru: Allir sérfræðingar í öldrunarlækningum, innkirtlalækningum, gigtlækningum, kvensjúkdómalæknar og lyflæknar. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um innihald upplýsinganna eftir því sem við á.

Tengiliður fyrirtækis

Ef frekari upplýsingar er óskað vinsamlega hafið samband við Vistor, umboðsaðila Gedeon Richter á Íslandi, sími 535 7000.

Sigrún Sif Kristjánsdóttir

Sigrún Sif Kristjánsdóttir

Viðskiptastjóri, sími 535-7000 (Vistor)